

Miller gegn Svíþjóð

Dómur frá 8. febrúar 2005

Mál nr. 55853/00

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Opinber málsmeðferð. Krafa um örorkubætur.

1. Málsatvik

Kærandi, Robert Edward Miller, er sænskur ríkisborgari, fæddur 1918. Í ágúst árið 1996 sótti hann um örorkubætur til almannatryggingaskrifstofu Stokkhólms, vegna taugasjúkdóms sem hann þjáðist af og hófst áður en hann náði 65 ára aldri. Tryggingastofnun Stokkhólms hafnaði beiðni hans um bætur á þeim grundvelli að örorka hans hefði ekki náð tilskildu stigi fyrr en eftir að hann náði 65 ára aldri.

Kærandi skaut ákvörðuninni til stjórnsýsludómstóls í Stokkhólmi og óskaði eftir að fram færu munnleg réttarhöld í málinu. Var kröfum hans hafnað og var sú niðurstaða staðfest hjá áfrýjunardómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum sínum skv. 1. mgr. 6. gr. þegar beiðni hans um munnlega málsmeðferð var hafnað og honum var meinað að leiða fram vitni til skýrslutöku.

Niðurstaða

Dómstóllinn minnti á það að þegar mál er fyrir dómstólum í fyrsta og hugsanlega eina skipti felur rétturinn til opinberrar málsmeðferðar í sér rétt til munnlegrar málsmeðferðar. Ekki væri heimilt að víkja frá þessu nema sérstakar ástæður mæltu með því. Við skoðun á því hvað teldust sérstakar ástæður skyldi líta til eðlis þess máls sem væri fyrir dómnum hverju sinni. Því tók dómstóllinn fyrst til skoðunar hvort sérstakar aðstæður hefðu verið fyrir hendi við mál kæranda sem réttlættu að vikið væri frá munnlegri málsmeðferð.

Samkvæmt sænskri löggjöf skyldi meta það hvort aðili uppfyllti skilyrði fyrir greiðslu örorkubóta út frá heildarþörf viðkomandi á stuðningi og aðstoð. Dómstóllinn leit til þess að þau gögn sem kærandi lagði fram studdu kröfu hans um örorkubætur frekar en að draga úr henni og einn starfsmaður félagsmálastofnunar var á þeirri skoðun að endurupptaka ætti mál kæranda. Taldi dómstóllinn því að svarið við þeirri spurningu hvort kærandi hefði uppfyllt skilyrði fyrir rétti til örorkubóta hefði ekki legið ljóst fyrir.

Dómstóllinn hafnaði þeim röksemdum ríkisins að framburður læknis kæranda hefði ekkert gildi eftir svo langan tíma. Þvert á móti taldi dómstóllinn að við vitnaleiðslur hefði lækningarnar hugsanlega getað útskýrt betur athugasemdir sínar í sjúkraskýrslum. Dómstóllinn taldi að þau efni sem fælust í málskoti kæranda til dómstóla væru ekki einungis formlegs eðlis. Talið var að réttvísinni hefði verið betur þjónað ef kærandi hefði haft tækifæri við stjórnsýsluréttinn til að gera grein fyrir aðstæðum sínum, í heild sinni og á þeim tíma sem um ræddi ásamt því að geta leitt fram vitni máli sínu til stuðnings. Dómstóllinn hafnaði einnig þeim staðhæfingum ríkisins að kærandi hefði fírt sig réttinum til munnlegrar málsmeðferðar með því að óska ekki eftir því í upphafi. Kærandi hefði einmitt gert stjórnsýsludómstólnum grein fyrir því að hann teldi að ýmis atriði varðandi sjúkraskýrslur hans þörfuðust frekari útskýringa og að þörf væri á vitnisburði læknis. Stjórnsýsludómstóllinn hefði því haft nægar upplýsingar til að taka málið til athugunar.

Í ljósi alls ofangreinds taldi dómstóllinn að ekki væri hægt að segja að álítaefnið hvort kærandi uppfyllti þau lagaskilyrði sem sett eru fyrir örorkubótum fyrir 65 ára aldur væri slíkt að það leysti stjórnsýsluréttinn almennt undan þeirri skyldu að hafa munnleg réttarhöld.

Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 1.500 evrur í miskabætur og 5.000 evrur fyrir útlögðum kostnaði.

Þrír dómáramur skiluðu séráliti.